

<b>Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022</b>	
<b>Sveitarfélag:</b>	Ísafjarðarbær
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:</b>	Ísafjörður, Hnífsdalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	20. janúar 2022
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	<p>Ákvæði a-liðar 1. mgr. 1. gr. breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, <u>eða frístundaveiðileyfi</u> skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.</p> <p>Sjá undirstrikun, lagðar til þær breytingar að frístundaveiðileyfi verði jafnframt heimilt sem eitt skilyrðanna.</p> <p><b>Jafnframt:</b> Ákvæði c-liðar 1. mgr. 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2021.</p>
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	<p>Horft til veiðileyfa skipa á svæðinu sem myndu nýta sér byggðakvóta. Mikilvægt því að frístundaveiðileyfisskip verði jafnframt heimilt að fá úthlutuðum kvóta.</p> <p>Varðandi síðarnefndu breytinguna er lagt til að ekki verði skylt að lögheimili sé í byggðarlaginu sjálfu, heldur einungis að lögheimilið sé í sveitarfélaginu.</p>
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	<p>Ákvæði 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:</p> <p>Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiarinu 2020/2021, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.</p> <p>Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu úr bátum <u>sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins</u>, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.</p>
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	<p>Með ofangreindum tillögum að breytingum á ákvæðum 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. rgl. er leitast við að koma til móts og léttu undir útgerðum í smærri byggðarlög þar sem mikilvægt er að kjarnaatvinnustarfsemi eflist og rekstrarerfiðleikar minnki.</p>
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	<p>Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021, Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan <u>sveitarfélags</u> með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.</p>

<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Lagt er til að sveitarfélaginu sé heimilt að samþykkja löndun aflans innan sveitarfélagsins, en ekki aðeins byggðarlagsins, vegna aðstæðna í sveitarfélaginu, þar sem vinnsla á hverjum stað er oft ekki nægjanlega afkastamikil fyrir allan landaðan afla. Mikilvægt er þó að afla verði landað innan byggðarlaga ef möguleiki er á.
--	---